



Systir
Susan H. Porter
aðalforseti
Barnafélagsins

Þið getið skipt sköpum

SÁTTMÁLS- SAMBAND

Nelson forseti
kendi að himneskur
faðir ber sérstakan
kærleika til þeirra
sem gera sáttmála
við hann.* Þegar
við erum skírð og
staðfest, lofum við
að vera honum trygg
og trú. Hann lofar
okkur því sama.

Himneskur faðir og Jesús Kristur
elska ykkur svo mikið. Af því að
þeir elska ykkur, hafa þeir boðið ykkur
að gera sáttmála, eða loforð, við þá.
Þið byrjið að gera þessi loforð þegar
þið skírist.

Eftir skírningna hljótið þið gjöf heilags
anda. Þið verðið meðlimir Kirkju Jesú
Kristis hinna Síðari daga heilögu. Það
þýðir að himneskur faðir treystir ykkur
til að halda sáttmála ykkar.

Hvað getið þið, sem fullgildir
meðlimir í kirkjunni, gert til að halda
sáttmála ykkar? Þið getið boðið aðra
velkomna í Barnafélagið. Þið getið
setið hjá einhverjum sem eru nýir og
hjálpað þeim að læra söngvana. Þið
getið hjálpað á Barnafélagsviðburðum.
Þið getið líka verið leiðtogar í fjölskyldu
ykkar. Þið getið beðið um að hafa
fjölskyldubæn eða sagt frá því sem þið
lærðu í Barnafélaginu.

Eftir að þið meðtakið heilagan anda,
getið þið séð þarfir annarra á nýjan
hátt. Þið getið beðið til
himnesks föður og
sagt: „Hjálpaðu mér
að vita hverjum

ég get hjálpað í dag.“ Þá getur
heilagur andi hjálpað ykkur að taka
eftir einhverjum sem situr einn eða
sagt ykkur að heilsa vini. Þið skiptið
sköpum þegar þið veljið að hjálpa
öðrum. Þið starfið sem meðlimir kirkju
himnesks föður!

Himneskur faðir elskar ykkur. Hann
vill að þið leiðið með fordæmi hvert
sem þið farið, svo þið getið fært aðra
nær honum. En þið þurfið ekki að
gera þetta einsömul. Himneskur faðir
og Jesús Kristur munu aldrei hætta
að hjálpa ykkur. Þið getið fundið til
öryggis því þeir eru með ykkur. Þið
getið ímyndað ykkur að Jesús standi
alltaf við hlið ykkar. ●

Úr viðtali við Oliviu Kitterman og Rachel
Peterson.

Hverjum get ég
hjálpað í dag?

Skrifið hugmyndir ykkar
á pappírskeljuna!




Vinakeðja

1. Klippið út hvíta svæðið
til hægri. Eða færið
mynstrið yfir á annað
blað til að klippa.



2. Brjótið saman blaðið fram
og til baka eftir línunum
eins og blænvæng.

3. Klippið út útlínur
persónunnar.



4. Dragið út úrklippuna til
að sjá vinakeðju haldast
í hendur! Skreytið hana
síðan til að líkja eftir
fólki sem ykkur er kært.

MYNDSKREYTING: JARED BECKSTRAND



*„Hinn ævarandi sáttmáli,“
Liahóna, október, 2022.